

## 5. fundur skólaneftndar FG á skólaárinu 2018 - 2019 haldinn miðvikudaginn 20. mars 2019 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Steinþór Einarsson varaformaður, Þorgerður Anna Arnardóttir og Frosti Jónsson. Fundinn sátu einnig Anna Jeeves varafulltrúi kennara, Viktor Freyr Ómarsson forseti NFFG og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari sem jafnframt ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

- **Fjármál skólans**  
Fjárhagsstaða í febrúar er góð en ennþá vantar lokauppgjör fyrir 2018. Ekki eru öll útgjöld vegna ýmissa ferða og þátttöku í Erasmus verkefnum komin inn en staðan er í takti við fjárhagsáætlun.
- **Stefna skólans í jafnréttismálum og hinsegin stefna**  
Endurskoðun á jafnréttisáætlun kynnt og ný stefna í málefnum hinsegin fólks. Umræða skapaðist um markmið jafnréttisstefnu er lúta að nemendum. Stefn er að því að ráða Hinsegin fulltrúa í hlutastarf í FG.  
Skólaneftnd lýsir yfir ánægju sinni með áherslu á hinsegin daga á Imbrudögum.
- **Þriggja anna kerfi**  
Fundur verður haldinn með nemendum í apríl um þriggja anna kerfið. Þar verður einnig rætt um tölvueign nemenda og að skólinn geri ráð fyrir að nemendur mæti með eigin tölvur frá hausti 2019. Skólinn á tölvur sem hægt verður að fá lánaðar.  
Áhugavert væri að athuga hjá háskólunum hvort einhverjir vilja fylgja eftir breytingunum í þriggja anna kerfi og skoða áhrif breytinganna. Athuga hvernig hægt verður að mæla niðurstöður til samanburðar þegar nýtt kerfi fer af stað.  
SFR og VR gera alltaf könnun meðal starfsmanna og þar liggja miklar upplýsingar.  
Mismunandi eftir greinum hvort um lokapróf verður að ræða eða hvort prófin verða inni á önninni. Aðeins verður möguleiki á að hafa eitt próf á dag í nýrri stokkatöflu.
- **Innritun á haustönn 2019**  
Skiptir máli að grunnskólinn skili einkunnum sem fyrst á vorin svo hægt verði að ljúka innritun áður en sumarleyfi hefjast. Opna húsið gekk vel og mikill fjöldi kom að kynna sér skólann.
- **Önnur mál**  
Umræða um kennslumat og hvernig er það nýtt. Stjórnendur bjóða kennurum í viðtal og ræða niðurstöðu kennslumats. Fulltrúi NFFG fór yfir það sem er framundan hjá nemendum í félagslífinu.

Fundi slitið kl. 13:00

Næsti fundur 23. maí 2019

Snjólaug E. Bjarnadótti